

Ed.

97. Frumvarp

til laga um forkaupsrjett kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl.

Flutningsmaður: Jón Baldvinsson.

1. gr.

Heimilt er bæjarstjórn í kaupstað að gera samþykkt um það, að áskilja bæjarfjlagi forkaupsrjett á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmisins, svo og öðrum fasteignum, er bæjarstjórn telur nauðsyn að tryggja bæjarfjlaginu forkaupsrjett á.

Kauptún, sem er sjerstakt hreppsflag, getur einnig gert samþykkt um forkaupsrjett kauptúns á hafnarmannvirkjum, lóðum þeim, er að sjó liggja, og á lóðum og löndum innan lögsagnarumdæmis hreppsins, svo og öðrum fasteignum, er hreppstjórn telur nauðsyn að tryggja hreppsflagi forkaupsrjett á.

2. gr.

Samþykktir samkvæmt 1. grein skulu gerðar til 5 ára í senn, og skulu í þeim taldar fasteignir þær, er kaupstaður eða kauptún áskilur sjer forkaupsrjett á. Samþykkt öðlast gildi, þegar stjórnarráðið hefir staðfest hana.

3. gr.

Eigendur fasteigna þeirra, er samþykktir taka til, skulu skyldir að bjóða kaupstað eða kauptúni forkaupsrjett að eignum fyrir það verð, er í raun og veru stendur til boða hjá öðrum, enda sjeu borgunarkjör og aðrir skilmálar eigi gerðir erfðari.

Innan eins mánaðar frá því, er forkaupsrjettur var boðinn, skal bæjarstjórn eða hreppsnefnd skylt að segja til, hvort hún ætlar að nota forkaupsrjett eða eigi.

Yfirlýsing bæjarstjórnar eða hreppsnefndar um það, að hún afsali sjer forkaupsrjetti, gildir eigi lengur en 6 mánuði.

4. gr.

Nú er eigi gætt fyrirmæla laga þessara um að bjóða kaupstað eða hreppsflagi forkaupsrjett, og getur þá aðili, er forgangsrjettur hans er fyrir borð borinn, krafist þess, að gerningur sá, sem í bága fer við ákvarðanir þessar, sje ógildur metinn gagnvart honum, og á hann rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn til þess hafin innan 6 mánaða frá því, er hann fjekk vitneskju um misfelluna, og málinu fram haldið með hæfilegum hraða. Auk þess ber seljanda að bæta rjetthafa tjón það, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum laga þessara.

Greinargerð.

Nýlega hefir atvik komið fyrir hjer á landi, sem greinilega sýnir, að kaupstöðum er nauðsynlegt að eiga forkaupsrjett á ýmsum fasteignum i kaupstaðnum, sjerstaklega hafnarmannvirkjum og stórum löndum og lóðum innan lögsagnarumdæmis kaupstaðar.

Sveitarfjelög hafa nú þegar forkaupsrjett á jörðum næst á eftir leiguliða og þeim öðrum, er um getur í lögum nr. 55, 15. júní 1926, um forkaupsrjett á jörðum. Að vísu er ekki ætlast til í frv. þessu, að kaupstaðir og kauptún samþykki að áskilja sjer forkaupsrjett á öllum fasteignum i bæjar- eða hreppsfjelagi. Íbúðarhús með hæfilegum lóðum ætti ekki að jafnaði að taka i samþyktir um forkaupsrjett; það yrði full-umstangsmikið. Hinsvegar getur lega einstaks íbúðarhúss verið þannig, að mikilsvert sje fyrir bæjar- eða hreppsfjelagið að eignast það, og því er ekki í frv. útilokað, að taka megi íbúðarhús upp i samþyktir.

Hafnarmannvirki, stórar óbygðar lóðir og lendur og fjörulóðir eru hinsvegar fasteignir, sem flestir kaupstaðir og kauptún vilja eignast og þurfa að eignast. Hentugt gæti og verið fyrir bæjar- eða hreppsfjelag, þar sem bátaútgerð er, að eiga fiskverkunarstöðvar og vörugeymsluhús, og geta leigt þeim, er fiskveiðar stunda, sameiginleg afnot þessara eigna.

Að öðru leyti verður frv. nánar skýrt i framsögu.